

Ed.

635. Nefndarálit

[177. mál]

um frv. til laga um lagagildi sammings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.

Frá meiri hl. álbræðslunefndar.

Ed. Alþingis kaus að ósk iðnaðarmálaráðherra, strax þegar frumvarpið var lagt fram í Nd., 7 manna nefnd til þess að starfa með nefnd Nd. og síðar sjálfstætt að athugun á frumvarpi um álbræðslusamning.

Í Ed. voru kosnir í álbræðslunefnd: Jón Þorsteinsson (form.), Sveinn Guðmundsson (ritari), Björn Jónsson, Þorvaldur Garðar Kristjánsson, Ólafur Björnsson, Ólafur Jóhannesson og Helgi Bergs.

Á sameiginlegum fundum beggja þingdeilda voru samningar og fylgisamningar yfirfarnir. Til viðræðna við nefndina mættu sérfræðingar ríkisstjórnarinnar, sem verið höfðu iðnaðarmálaráðherra til aðstoðar við samningagerðina við Svisslend- inga. Gáfu þeir nefndinni greið svör við öllum fyrirspurnum, sem til þeirra var beint.

Þegar er málið kom til Ed., tók nefndin frumvarpið til athugunar og fékk á fund sinn Jakob Gíslason raforkumálastjóra, sem ræddi við nefndina um virkjunar- mál og gaf henni upplýsingar í því sambandi.

Björn Jónsson hvarf af þingi vegna anna, en í hans stað tók Gils Guðmundsson þátt í nefndarstörfum.

Iðnaðarmálaráðherra, Jóhann Hafstein, undirritaði þessa samninga f. h. ríkis- stjórnar Íslands 28. marz s. l. að undangenginni langri samningagerð, en að þess- um samningum stóð auk iðnaðarmálaráðherra nefnd sérfræðinga: dr. Jóhannes Nordal bankastjóri, formaður stóriðjunefndar, Eiríkur Briem forstjóri Lands- virkjunar, Brynjólfur Ingólfsson ráðuneyttisstjóri, Steingrímur Hermannsson fram- kvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins og Hjörtur Torfason lögfræðingur.

Samningar þeir, sem hér hafa verið lagðir fyrir Alþingi um álbræðslu við Straumsvík, með tilheyrandi samningum og fylgiskjölum, eru margþættir, en öll þessi samningagerð hefur sjáanlega verið unnin af mikilli nákvæmni og samvirkusemi.

Með samningi þessum skapast Íslendingum möguleiki til stærrí vatnsvirkjana en áður, eða 210000 kw. virkjunar í Þjórsá. En eins og nú er, hafa Íslendingar að- eins virkjað 4% af þeirri vatnsorku, sem talin er hagstæð til virkjunar í dag. Á sama tíma hafa t. d. Norðmenn virkjað 30% af sinni nýtilegu vatnsorku og Svíar miklu meira.

Sogið er nú fullvirkjað, og sérfræðingar telja raforkunotkun landsmanna tvö- faldast á 10 ára fresti. Á næstu 10 árum verður því að ljúka við að virkja til við- bótar sem nemur öllu virkjuðu vatnsafla í dag.

Er nú komið að virkjun á stóráram landsins. Með Sogsvirkjunarlögum var því slegið föstu, að orkuverin í Sogi skyldu vinna raforku fyrir allt Suður- og Suð- vesturland. Sama gildir um Laxá fyrir Eyjafjörð og S.-Þingeyjarsýslu. Samanlagt virkjað afl á Suðvesturlandi og Laxársvæði er nú 125000 kw. og orkuvinnsla 600 millj. kwst. Þetta eru 90% af allri orkuvinnslu landsins nú. Til nauðsynlegra virkjunar- framkvæmda þarf mikið fjármagn. Þarf þar að sækja undir erlendar lánastofnanir, og verður að sjálfsögðu að sýna fram á, að virkjunarframkvæmdirnar geti staðið sjálfar undir þeim mikla kostnaði, sem þessu er samfara.

Tilgangur með stofnun Landsvirkjunar samkv. lögum frá síðasta Alþingi er að skapa skilyrði til virkjana í stóráram landsins og á þann hátt keppa að sem lægstum vinnslukostnaði orkunnar.

Álbræðsla er því þáttur í, að kleift sé að halda áfram virkjunarframkvæmdum með þeim hraða, sem landsmönnum er nauðsyn, enda stendur álbræðslan undir vöxtum og afborgunum af Búrfellsvirkjun, eins og fram kemur í greinargerð.

Með byggingu álbræðslu við Straumsvík, sem samningurinn kveður á um, skapast í landinu öruggur atvinnuvegur með margháttuðum möguleikum og stuðningi við höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar, sem fyrir eru, sjávarútveg, landbúnað, iðnað og verzlun.

Íslendingar eignast Búrfellsvirkjun að fullu á 25 árum með raforkusölu til ISALs og hafa eftir það allar tekjur af þessu mikla mannvirki til frekari átaka í raforkumálum.

Ákvæði um alþjóðlega gerð samkv. 47. gr. aðalsamningsins hafa valdið umræðum, en fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að gerast aðili að alþjóðasamningi um lausn fjárfestingardeilna milli ríkja og þegna annarra ríkja. Ganga má út frá, að frumvarp það hljóti samþykki yfirstandandi Alþingis. Alþjóðabankinn hefur beitt sér fyrir þessum milliríkjasamningi, en hann gerir ráð fyrir alþjóðastofnun, sem aðildarríkin setji sameiginlega á stofn, og gerðardómi, er starfi að lausn deilumála, sem rísa kynnu í sambandi við erlenda fjárfestingu einkaaðila í aðildarríki.

Hinar frjálsu þjóðir heims gera sér ljóst, hver þörf er á alþjóðlegri samvinnu um efnahagslegar framfarir og hvern þátt alþjóðleg einkafjárfesting getur átt í bættum lífskjörum þjóða. Alþjóðleg samvinna, sem hér um ræðir, er fyrst og fremst fólgin í því, að lönd, sem hafa fjármagn aflögu, láta það öðrum löndum í té til uppbyggingar á arðvænlegum atvinnuvegum viðkomandi lands, m. a. í formi fjárfestingar í viðkomandi landi.

Oft áður hefur með aðild Íslands verið stofnað til alþjóðlegrar samvinnu til að gæta réttaröryggis í málefnum þjóða á milli. Haag-dómstóllinn var stofnaður til þess að skera úr ágreiningsmálum milli ríkja, en nú má einnig skjóta til hans málum, þar sem einkaaðilar og ríki eiga hlut að máli. Um 1950 var komið á fót alþjóðlegum verzlunardómstóli til úrskurðar ágreiningsmálum út af viðskiptum milli einstaklinga í mismunandi ríkjum. Íslendingar eru einnig aðilar að mannréttindasamningi, sem gerður var á vegum Evrópuráðsins, með aðsetri í Strassburg. En lögsögn dómstólsins er viðurkennd af þáverandi dómsmálaráðherra, Hermanni Jónassyni, 21. ágúst 1958, en þar með er lýst yfir, að Ísland skyldi vera bundið af lögsögn erlends dómssvalds, jafnvel í þrætumáli íslensks borgara, sem íslenskir dómstólar voru búnir að leiða til lykta. Þá má nefna yfirdómstól þann, sem aðildarríkin að Kola- og stálsamningnum frá 1952 og síðar Rómarsáttmálanum komu sér saman um að láta skera úr öllum ágreiningi út af samningum þessum, jafnt milli opinberra aðila og einkaaðila. Skyldu dómstólar hinna einstöku landa hafa það hlutverk eitt að tryggja það, að úrskurðir yfirdómstólsins yrðu aðfararhæfir. Verður ekki annað séð en ákvæði samningsins um gerðardóm hafi sínar hliðstæður og sérstakt öryggi fólgið í því, að dæma skal eftir íslenskum lögum, en eigi eftir lögum neins erlends ríkis.

Samningur þessi skoðaður í heild er þjóðinni hagstæður og líklegur til að treysta efnahag hennar á næstu árum.

Nefndin klofnaði í máli þessu, og mæla undirritaðir, meiri hluti nefndarinnar, með því, að frumvarp þetta um lagagildi samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. fái fullgildingu og frumvarp þetta verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 28. apríl 1966.

Jón Þorsteinsson,
form.

Sveinn Guðmundsson,
fundaskr., frsm.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Ólafur Björnsson.